



Umsókn um þjónustuíbúð aldraðra

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Sími

Farsími

Hjúskaparstaða

 Ógift(ur) Gift(ur) Fráskilin(n) Ekkja/ekkill Í sambúð Sambúð slitið

Nafn maka/sambúðaraðila

Kennitala maka

Tengiliður

Með því að fylla út upplýsingar um tengilið heimilar umsækjandi Reykjavíkurborg að miðla upplýsingum í tengslum við umsókn þessa og þá þjónustu sem veitt er á grundvelli hennar.

Nafn

Kennitala

Netfang

Sími

Farsími

Senda afrit af svarbréfi til aðstandanda/tengiliðs? Já Nei

Nafn

Kennitala

Netfang

Sími

Farsími

Senda afrit af svarbréfi til aðstandanda/tengiliðs? Já Nei

Húsnæði sem sótt er um

Heimilt er að krossa við fleiri en einn stað

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Dalbraut 21-27 | <input type="checkbox"/> Langahlíð 3 |
| <input type="checkbox"/> Furugerði 1 | <input type="checkbox"/> Norðurbrún 1 |
| <input type="checkbox"/> Hjallasel 55 (Seljahlíð) | <input type="checkbox"/> Lindargata 57-66 |

Fylgiskjöl

- Læknisvottorð

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið um breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Til að geta sannreynt rétt minn á þjónustuíbúð aldraðra, skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og samkvæmt 4.tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði þarf velferðarsvið Reykjavíkurborgar að afla persónuupplýsinga er mig varða. Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs á næstu blaðsíðu.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift maka

Vinsamlegast athugið:

1) Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, sem tóku gildi 1. júní 2019, þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um og a.m.k. síðustu 12 mánuði áður en sótt er um.
- Gildistími dvalarleyfis sé að lágmarki 12 mánuðir hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi.
- Metinn til að lágmarki 4 stiga, sbr. A og B lið í matsviðmiði
- Hafa gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum við Félagsbústaði hf. eða hafa samið um skuldina.

2) Eftir að umsókn er skilað inn verður umsækjandi boðaður í viðtal til ráðgjafa á þjónustumiðstöð.

Persónuvernd

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg er velferðarsviði Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú veitir í umsóknarferlinu. Auk þess sem unnið er með upplýsingar eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til að sannreyna að skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði séu enn uppfyllt. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir Reykjavíkurborg þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg og unnið er með þær upplýsingar eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til að sannreyna að skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði séu enn uppfyllt. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og þess opinbera valds sem Reykjavíkurborg fer með. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, atvinnustaða, menntun, húsnæðisstaða, húsnæðisbætur, ríkisfang, bankareikning, og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Dvalarleyfi og heilsufarsupplýsingar.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Þá er aflað upplýsinga um heilsufar umsækjanda í tengslum við umsókn þessa hjá heimahjúkrun og/eða heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og/eða heilbrigðisstofnana. Einnig geta upplýsingar borist frá fleiri aðilum s.s. Tryggingastofnun, Útlendingastofnun, framkvæmdaaðila húsnæðisbóta, sýslumönnum og leigusölum íbúðarhúsnæðis.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðja aðila

Komi til úthlutunar félagslegs leiguhúsnæðis verður almennum upplýsingum um þig miðlað til Félagsbústaða hf. sem annast gerð leigusamnings og umsjón með leigu félagslegs leiguhúsnæðis Reykjavíkurborgar, en Félagsbústaðir hf. eru sameiginlegur ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu ásamt velferðarsviði.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun Reykjavíkurborg ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).